



Emmanuel Macron, frambjóðandi En Marche!, var kjörinn forseti Frakklands í gær. Bentu spár til þess að hann fengi um 65 prósent atkvæða. Sigrinum var vel fagnað af stuðningsmönnum Macrons um gjörvallt Frakkland. Sjálfur var forsetinn verðandi yfirvegaður í sigurraðunni. Trú á evrunni virðist hafa styrkst en gengi hennar hækkaði eftir úrslitin. NORDICPHOTOS/AFP sjá síðu 6

Samningar óþægilegir Bjarna

Virði samninga ISS við ríkið er minnst 209 milljónir króna. ISS er í eigu föður og föðurbróður forsætisráðherra. Formaður Samfylkingarinnar segir hagsmuni nákominna geta rýrt trúverðugleika stjórnmalamána.

STJÓRNSÝSLA Virði samninga milli ISS á Íslandi og íslenska ríkisins nema minnst 209 milljónum króna. ISS er að meirihluta í eigu félaga Benedikts Sveinssonar, föður forsætisráðherra, og Einarssonar, föðurbróður Bjarna Benediktssonar.

Í svari Ríkiskaupa við fyrirspurn Fréttablaðsins um samninga milli ISS og ríkisins kemur fram að fyrirtækið hafi meðal annars orðið hlutskarpast í útboði um þríf á Landspít-

alanum, húsnæði Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, Flugstöð Leifs Eiríkssonar og húsnæði Tollstjóra. Fyrir það fær ISS rúmar 209 milljónir króna á samningstímanum.

Svar Ríkiskaupa nær aftur til maí 2015 en þá tók fyrirtækið upp nýtt verkefnastjórnunarkerfi. Fleiri samningar eru í gildi en þeir sem taldir eru upp hér að framan en til þeirra var stofnað í tíð eldra kerfis. Má þar meðal annars nefna samning

um þríf ISS í sex ráðuneytum frá því í febrúar 2015. Þá er mögulegt að fyrirtækið hafi gert samninga við stofnanir sem ekki voru boðnir út. Upphæð gilda samninga er því hærri en 209 milljónir.

ISS sérhæfir sig í ræstingum og rekstri mótuneyta og er langstærsti aðili markaðarins hér á landi. Velta félagsins er rúmlega þreföld velta næststærsta ræstingafyrirtækis landsins. Þá var eigið fé þess í árslok

2015 nærri tveir milljarðar króna.

„Almennt er það þannig að stjórnmalamenn þurfa að passa sig að lenda ekki í þeirri að stöðu að hagsmunir þeirra eða nákominna séu líklegir til að minnka trúverðugleika þeirra,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar. „Ég tel að það sé æskilegt að þetta sé rætt en fyrst og fremst að þetta hljóti að vera mjög óþægilegt fyrir forsætisráðherra.“ johannoli@frettabladid.is

Fréttablaðið í dag

SPORT EM-draumurinn lifir eftir sigur á Make-dóníu. **12**



SKOÐUN Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir segir sátt í sjávarútvegi á ábyrgð stjórnmalamána. **8**

TÍMAMÓT Reykjavíkurreiðarmót Fákis fer fram í vikunni. **16**

PLÚS 1 SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Hálf keppnin strax í kvöld

TÓNLIST Svala Björgvinsdóttir flytur í kvöld lagið Paper fyrir dómnefndir þátttökuþjóðanna í Eurovision. Atkvæði dómaranna gilda til hálfis á við símaskosningu almennings. – bb, sáþ, sjá síðu 2 og 22



Mikið er í húfi hjá Svölu Björgvinsdóttur í kvöld.
MYND/EUROVISION

2 FYRIR 1


Með kaupum á margskiptum Varilux S-design og EyeZen sjönglerjum fylgja margskipt sölglæraugu í sama styrk. Gildir til 31. maí 2017

OPTIC
REYKJAVÍK

SJÓNTÆKJAVERSLUN

HAMRAHLÍÐ 17
HÚS BLINDRAFÉLAGSINS
SÍMI: 552-2002

Er kominn tími á ný dekk?



Pantaðu tíma fyrir dekkjaskiptin á N1.is




100% HREIN SNILLD FRÁ ÍSLENSKUM GARÐYRKJUBÆNDUM



islenskt.is

islenskt.is

Veður



Vestangola eða kaldi og skýjað að mestu í dag, en sólskin með köflum fyrir austan með hita að 18 stigum. **SJÁ SIÐU 18**



Matarleifar eru sóun.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vega matarleifar skólabeckjanna

SKÓLAMÁL Verkefni í mótuneyti grunnskólans í Stykkishólmi um að láta nemendur skammta sjálfum sér á diska gengur vel.

„Samhliða þessu förum við í að skoða matarsóun. Var sá háttur hafður á að hver bekkur átti sína fötu sem þau settu matarleifar í og voru þær vigtaðar,“ segir í skýrslu skólafélagar.

„Undanfarið hefur starfsfólk mótuneytis fylgst með því hversu miklu er hent og hefur komið í ljós að það hefur aukist aftur. Það virðist því sem það þurfi nánast stöðuga athygli á málinu, annars er eins og nemendur sofni á verðinum.“ – gar

Frakkar á Íslandi vildu Macron

STJÓRN MÁL Um 93 prósent þeirra sem kusu utankjörstaðar á Íslandi í frönsku forsetakosningunum í gær kusu sigurvegara gærkvöldsins, miðjumanninn Emmanuel Macron.

Rúmlega þrjú hundruð manns sem eru kjörgengir í frönsku kosningunum kusu hér á landi. Þar af kusu aðeins fimmtán Frakkar á Íslandi Marine Le Pen, frambjóðanda Þjóðfylkingarinnar.

Öruggur sigur Macrons á mótframbjóðandanum er staðreynd.

– ósk / sjá síðu 6

Góðæri í sorpinu



Um fimmtán prósentu aukning hefur orðið á sorpi hjá endurvinnslustöðvum miðað við sama tímabil fyrir ári. Þetta segir Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu. Þó verði að gera þann fyrirvara að páskar hafi verið fyrir á síðasta ári, biða þurfi í nokkra mánuði með að draga ályktanir. Aukningin gæti þó verið góðærimerki. „Þetta er beinn mælikvarði á það sem er að gerast í samfélaginu, magnið af úrgangi.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Frelsaðar á fund forseta

NÍGERÍA Muhammadu Buhari, forseti Nígeríu, mun funda með 82 skólastelpum sem hryðjuverkasmættökin Boko Haram slepptu á laugardag.

Stelpunum var sleppt í skiptum fyrir liðsmenn Boko Haram. Höfðu þær verið í haldi hryðjuverkasmættökanna frá 2014. Þá rændu samtökin 276 stelpum. 194 er enn saknað.

Hermenn fylgdu stúlkunum til höfuðborgarinnar Abuja. Þar sagði forsetinn:

„Verið velkomnar, stelpur, verið, velkomnar systur. Það gleður okkur mikið að hafa endurheimt ykkur. Það gleður okkur mikið að þið séuð komnar aftur. Allir Nígeríumenn gleyma öðrum erfiðleikum í dag þar sem þetta er mikil gleðistund. Velkomnar, velkomnar, velkomnar,“ sagði Buhari. – þea

Minnstu spámennirnir eru oftast leiðinlegastir

Svala Björgvinsdóttir stígur á svið í kvöld í Eurovision þar sem dómamarar allra þátttökupjóða dæma flutninginn. Atkvæði þeirra gilda til jafns við atkvæði almennings. Mikilvægt kvöld segja Felix Bergsson og Gísli Marteinn Baldursson.

TÓNLIST „Í dag flytur Svala lagið sitt Paper fyrir dómnefndirnar sem eru með okkur í riðli út um alla Evrópu. Sú keppni er alveg jafn mikilvæg og sú sem við horfum á á morgun. Það er svolítið skrytið því áhorfendur sjá hana ekki einu sinni,“ segir Gísli Marteinn Baldursson sem mun lýsa keppninni á morgun.

Gísli Marteinn hefur verið í Úkraínu að safna sér upplýsingum um keppendur og fylgdarlið og er búinn að komast að ýmsu um fjölmargar þjóðir og finna Íslandstengingu við merkilega marga keppendur.

„Nálægðin við listamennina hér er mjög mikil og það er auðvelt að ná viðtölum. Oft eru þetta listamenn sem eru vinsælir í sínum heimalöndum og það er gaman að sjá þá þurfa að svara misgáfullegum spurningum. Það er alltaf gamla sagan að stærstu listamennirnir eru ekki með stjórnstæla en þeir sem spáð er litlum frama eru svolítið þurrir og leiðinlegir,“ segir Gísli Marteinn.

Felix Bergsson, fararstjóri íslenska hópsins í Kiev, tekur undir með Gísla Marteini um mikilvægi kvöldsins.

„Þetta er gert til að atkvæðin skili sér í hús, ef eitthvað skyldi klinka í símakosningunni. Eins og allir vita þá er Eurovision fyrst og fremst sjónvarpsefni og skemmtiefni og við viljum ekki að það sé eitthvert klúður,“ segir Felix og hlær hjartanlega.

Töluvert hefur einmitt verið rætt og ritað hér í Úkraínu um hvort allt muni skila sér heim í stofur



Íslensku sjónvarpsmennirnir eru spenntir fyrir gengi Svölu Björgvinsdóttur frammi fyrir dómnefndarmönnum í kvöld. MYND/EUROVISION

●● Það er alltaf gamla sagan að stærstu listamennirnir eru ekki með stjórnstæla en þeir sem spáð er litlum frama eru svolítið þurrir og leiðinlegir.

Gísli Marteinn Baldursson sjónvarpsmaður



●● Það verður athyglisvert að sjá hvort það takist hjá Úkraínumönnum að koma þessu í loftið.

Felix Bergsson, fararstjóri íslenska hópsins í Kiev



Evrópubúa. Það hafa ekki allir trú á Úkraínumönnum og stutt síðan að kallað var í sænskan framleiðanda til að tryggja að allt kæmist í gegnum gervihnöttinn.

„Það verður athyglisvert að sjá hvort það takist hjá Úkraínumönnum að koma þessu í loftið,“ segir Felix Bergsson. benediktboas@frettabladid.is

Tónlistarskólinn í Reykjavík

tekur við umsóknum nýnema til **12. maí**.

- Kennum á öll klassísk hljóðfæri
- Sérhæfum okkur í kennslu í grunn- og miðnámi
- Einvala lið frábærra kennara

Nánari upplýsingar á tono.is og

í síma **553 0625** milli kl. 13:30-16:30.





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HILUX INVINCIBLE

aukahlutapakki að verðmæti 780.000 kr. fylgir



Verð frá: 5.350.000 kr.

Invincible 33" breyting fylgir með

Hilux er ódrepanði harðjagl og með 33" breytingu eruð þið ósigrandi saman. Hilux Invincible kemur þér þangað sem þig langar, hvort sem það er leiðangur upp til fjalla, næsti veiðitúr eða bara að komast aðeins út fyrir borgina til að ná andanum.

Hilux Invincible aukahlutapakki: 33" breyting, hlíf undir framstuðara, gluggavindhlífar, króm á afturljós og Invincible-merki.
Verðmæti: 780.000 kr.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is

Invincible-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Skilaboð Mannréttindadómstólsins hafa skilað sér til Hæstaréttar

FJÖLMÍÐLAR Flest bendir til þess að Hæstiréttur hafi móttekið skilaboð Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) varðandi meiyrdamál fjölmíðla og breytt nálgun sinni. Þetta segir formaður Blaðamannafélags Íslands (BÍ).

Í liðinni viku komst MDE að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði brotið gegn tjáningarfrelsi blaðamanna DV með dómi Hæstaréttar í svokölluðu Sigurplasmáli.

Þetta er í sjötta sinn á fimm árum sem MDE kemst að niðurstöðu sem þessari.

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ, segir að fyrir nokkrum árum hafi verið unnið að því að fella meiyrdákvæði úr almennum hegningarlögum. Þverpólitísk sátt hafi ríkt um það en sú vinna hefur hingað til ekki skilað sér í laga-breytingum að nokkru leyti. „Í gegnum tíðina hefur Hæsti-

réttur ekki haft skilning á þeim meginþrúppum sem MDE leggur til grundvallar. Umfjöllunin þarf að varða almannahag, um sé að ræða opinberar persónur og að umfjöllunin sé faglega unnin. Það eru mælistikurnar sem MDE setur til grundvallar en hafa ekki mætt nægilegum skilningi hér á landi,” segir Hjálmar.

Dómarnir sem brutu gegn mannréttindum blaðamanna féllu á

Mælistikurnar sem MDE leggur til grundvallar hafa ekki mætt nægum skilningi hér á landi.

Hjálmar Jónsson, formaður Blaðamannafélags Íslands



árunum 2008 til 2013. Fyrsti dómur MDE í slíku máli féll árið 2012. Virðist sem svo að í síðari meiyrdamálum hafi Hæstiréttur tekið tillit til niðurstaðna dómanna í Strasbourg.

„Maður sér á þeim dómum sem hafa fallið nýlega í meiyrdamálum að það hefur verið tekið öðruvísi á málunum. Skilaboðin virðast því hafa skilað sér til Hæstaréttar,” segir Hjálmar. – jõe



Riffill með hljóðdeyfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Eru hljóðlátari en uppþvottavél

UMHVERFISMÁL Stefán I. Ólafsson, hjá Skotfélagi Vesturlands, segir félagið stefna eindregið að því að notkun hljóðdeyfa verði almenn á skotsvæðum félagsins.

Fram kemur í erindi Stefáns til Borgarbyggðar, vegna umsóknar um æfingasvæði í Hamarslandi, að notkun hljóðdeyfa, sem nú sé leyfileg á öllum stærri rifflum, dragi að meðaltali úr hljóði um 30 dB. „Og ef við drögum 30 frá þá erum við komin niður fyrir hljóðlátustu uppþvottavél svó fólk geri sér grein fyrir hávaðanum,” segir Stefán. – gar

Útilokaðir frá fundi Kushners

KÍNA Blaðamönnum var meinaður aðgangur að viðburði Kushner-fjölskyldunnar í Shanghai í Kína í gær. Þar var kínverskum athafnamönnum kynnt boð fjölskyldunnar um að greiða fyrir dvalarleyfi í Bandaríkjunum gegn fjárfestingu í fasteignauppyggingu. Reuters greindi frá.

Þekktasti meðlimur fjölskyldunnar er án nokkurs vafa Jared Kushner, ráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta og eiginmaður Ivónku, dóttur Donalds.

Byggja á tvo lúxusíbúðaturni í New Jersey og stendur Kushner Companies fyrir verkefnum. Þar til nýlega stýrði Jared Kushner umræddu fyrirtæki sem reynir nú að afla 150 milljóna Bandaríkjadala frá kínverskum fjárfestum. Þeim er í staðinn lofað fyrirgreiðslu við að fá dvalarleyfi í Bandaríkjunum. – þea

Landeigendur í Fljótshlíð telja dóm um varnargarð hunsaðan

Jarðeigendur í Fljótshlíð átelja Vegagerðina, Landgræðsluna og Rangárþing eystra fyrir að bregðast ekki við dómi Hæstaréttar um að framkvæmdaleyfi fyrir varnargarði, sem endurbýggður var í óþökk þeirra við Markarfljót, hafi verið andstætt stjórnsýslulögum. Segja allt að 150 hektara ræktarlands hafa skolast burt.

UMHVERFISMÁL „Vegagerðin og Landgræðslan hafa aldrei viljað hlusta á neitt sem við höfum lagt til málanna heldur hafa bara verið með skæting við okkur,” segir Anna Runólfsdóttir á bænum Þórólfsfelli, einn landeigenda í Fljótshlíð, sem vilja breytingar á varnargarði sem þeir segja valda landbroti við Markarfljót.

Er Eyjafjallajökull gaus árið 2010 komi flóð niður Markarfljót og varnargarður frá 1946 skemmdist. Anna segir að Vegagerðin og Landgræðslan hafi þrátt fyrir mótmæli landeigenda fengið framkvæmdaleyfi frá Rangárþingi eystra fyrir gerð varnargarðs í breyttri mynd.

„Þeir segja að of mikið viðhald hafi verið á gamla garðinum og ákváðu að gera þetta allt þægilegra fyrir sig. Við landeigendur hér í innhlíðinni héldum því fram frá fyrsta degi að þetta myndi óhjákvæmilega breyta rennslinu því garðurinn var miklu mýkri og endinn á honum beindi fljótinu upp í átt til okkar í staðinn fyrir þangað sem brýnnar eru yfir Markarfljót,” rekur Anna.

Að sögn Önnu reyndist grunurinn réttur. Strax sumarið 2011 hafi orðið mikið landbrot. „Þá skemmdist land sem ekki skemmdist í flóðunum árið á undan,” segir Anna sem telur að á bilinu 100 til 150 hektarar lands, sem hafi gróid upp eftir að gamli varnargarðurinn var byggður, hafi nú skolast burt.

„Sex árum eftir eldgos unnum við dómsmál fyrir Hæstarétti þar sem það er sýnt fram á að þeir hafi alls ekki sinnt nokkurri rannsóknarskyldu áður en þessu var breytt og



Markarfljótið sækir hart að grónu landi í Fljótshlíðinni eftir að legu varnargarðs var breytt segja landeigendur.

MYND/ANNA RUNÓLFSDÓTTIR

Sex árum eftir eldgos unnum við dómsmál fyrir Hæstarétti þar sem það er sýnt fram á að þeir hafi alls ekki sinnt nokkurri rannsóknarskyldu áður en þessu var breytt og hafi haldið fram alls konar leiðindum á meðan á þessu tíma.

Anna Runólfsdóttir á Þórólfsfelli



hafi haldið fram alls konar leiðindum á meðan á þessu stóð.“

Í dómi Hæstaréttar í máli landeigendanna gegn Vegagerðinni, Landgræðslunni og Rangárþingi eystra í febrúar 2016 segir meðal annars að sannað sé að Markarfljótið brjóti með öðrum hætti á garðinum eftir breytinguna. Ekki væri séð að sveitarfélagið hefði sinnt ábendingum landeigenda um mögulegar afleiðingar þess að endurreisa varnargarðinn í breyttri mynd. Málið hafi því ekki verið kannað í samræmi við stjórnsýslulög og því féllist Hæstiréttur á kröfu landeigendanna um að ógilda framkvæmdaleyfið.

„Síðan þessi dómur féll höfum við beðið eftir að sótt verði um nýtt framkvæmdaleyfi fyrir breyttum

garði,” segir Anna. Síðan dómurinn féll hafi framkvæmdaaðilarnir látið gera útreikninga og rennislíkön því þeir vilji alls ekki breyta garðinum.

„Við vorum eiginlega hissa á því að þeir skyldu birtu niðurstöðurnar en ekki stinga þeim ofan í skúffu því öll líkönin sýndu mjög skýrt að þessi nýja lögun á garðinum myndi auka rennslitil norðurs, nákvæmlega eins og við sögðum.“

Anna hefur nú skrifað sveitarfélaginu bréf. „Þeir þurfa að gera eitthvað en ekki biða eftir því að einhverjir aðrir geri eitthvað.“ Sveitarstjórnin fól Ísólfi Gylfa Pálmasyni að upplýsa landeigendur um stöðuna. Ekki náðist í hann í gær.

gar@frettabladid.is

Akreinum fækkar í bili á Miklubraut

REYKJAVÍK Framkvæmdir á Miklubraut við Klambartún hefjast í dag. Verður akreinum til vesturs fækkað tímabundið frá Lönguhlíð og að Rauðarárstíg. Því má búast við töfum í morgunumferðinni á svæðinu á næstunni þar sem mun fleiri bílar stefna inn í miðborgina en út úr henni á morgnana.

Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg eru ökumenn því hvattir til að leggja fyrr af stað en venjulega, sem og að sýna tillitsemi og aðgát á svæðinu.

„Það kemur þarna heil ný forgangsrein fyrir strætó og það verða endurnýjaðar gangstéttir og hjólaleiðir,” segir Hjálmar Sveinsson, formaður umhverfis- og skipulagsráðs borgarinnar.

Verða göngu- og hjólastígar aðskildir, götulynging endurbætt eftir þörfum og biðstöðvar strætó endurgerðar. Fyrirnefnd forgangsrein strætó til austurs verður sunnan Miklubrautar og meðfram húsa-götu. Til að dempa hljóðmengun



Undirbúningur fyrir framkvæmdirnar. MYND/REYKJAVÍK

verður veggur steyptur á milli húsa-götunnar og Miklubrautar.

„Þetta er bara í takt við stefnu borgarinnar, að efla almennings-samgöngur eins og mögulegt er. Einn mikilvægasti þátturinn í því eru forgangsreinar fyrir strætó,” segir Hjálmar enn fremur.

Heildarkostnaður við framkvæmdina er um 350 milljónir króna að því er kemur fram í tilkynningu borgarinnar. Hlutur Reykjavíkurborgar er um 170 milljónir króna en verkið er unnið í samvinnu við Vegagerðina og Veitur. – þea

28. maí í 7 nætur

Frá kr. 69.995



COSTA DEL SOL

Stökktu

Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 í gistingu.

Heimsferðir



RENAULT
Passion for life

NÝR RENAULT ZOE

ALLT AÐ 400 KM Á HLEÐSLUNNI*



ENNEHM / SIA / NMB0241

100% RAFBÍLL SEM SETUR NÝ VIÐMIÐ Í DRÆGNI

Nýr ZOE er 100% rafbíll frá Renault sem slegið hefur í gegn. 400 km* uppgefin drægni á sér enga hliðstæðu í þessum stærðarflokki rafbílanna og verðið er sömuleiðis með því hagstæðasta sem gerist í flokknum. Renault ZOE er auk þess eins og aðrir nýir Renault bílar með ríkulegan staðalbúnað. Nú er komið að þér að taka græna skrefið og eignast 100% rafbíl.

VERÐ FRÁ: 3.690.000 KR.

*400 km drægni hvernir hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður (NEDC)



„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Álgluggar og hurðir



- Íslensk framleiðsla, framleitt af IDEX álgluggum ehf.
- Hágæða álprófilkerfi frá Schüco
- Schüco tryggir lausnir og gæði
- Þekking og þjónusta
- Áralöng reynsla

CE-merkt framleiðsla

Fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga

IDEX

idex.is - sími 412 1700

framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi

SCHÜCO

- þegar gæðin skipta máli

Nýjar vörur frá ENDURANCE



Útsöluaðilar:

Útlíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum

Dreifingaraðili: DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á dansport.is

Ársfundur LSR og LH



Ársfundur LSR og LH verður haldinn miðvikudaginn 24. maí nk. á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, kl. 15:00. Fundurinn er opin allum sjóðfélögum og launagreiðendum.

Dagskrá:

- Skýrslur stjórnar LSR og LH
- Ársreikningar 2016
- Fjárfestingarstefna
- Tryggingafræðilegar úttektir
- Skuldbindingar launagreiðenda
- Breytingar á samþykktum
- Önnur mál

LSR

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins

Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
lsr@lsr.is

www.lsr.is

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Fórelðrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.



Stuðningsmenn Macrons fögnuðu ákaft þegar fyrstu tölur birtust. NORDICPHOTOS/AFP

Stórsigur Emmanuels Macron í Frakklandi

Emmanuel Macron var spáð sigri í frönsku forsetakosningunum strax og fyrstu tölur birtust. Hann tekur við embætti þann 14. maí næstkomandi. Macron sagði nýjan kafla skrifaðan í sögu landsins. Le Pen vill leiða stjórnarandstöðuna.

FRAKKLAND Emmanuel Macron, forsetaframbjóðandi En Marche! í Frakklandi, verður næsti forseti Frakklands ef marka má þær tölur sem höfðu birst þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Eftir fyrstu tölur spáði Kantar Public One Point-TF1-RTL því að Macron hlýti 65,5 prósent atkvæða. Marine Le Pen, frambjóðandi Þjóðfylkingarinnar, stefndi hins vegar í að fá 34,5 prósent atkvæða.

„Nýr kafli í sögu þjóðar okkar var skrifaður í kvöld. Ég vona að hann einkennist af von,“ sagði Macron þegar úrslitin voru ljós.

„Frakkar hafa valið lýðveldinu nýjan forseta. Þeir völdu óbreytt ástand. Ég hringdi í Emmanuel Macron til að óska honum til hamingju. Ég vil Frakklandi hið besta og óska honum því velgengni,“ sagði Le Pen á fundi með stuðningsmönnum.

Þá sagði hún jafnframt að flokkur sinn yrði sterkasta stjórnarandstaðan. Hinir flokkarnir, sem studdu Macron, gætu ekki talist marktæk stjórnarandstaða.

Ef ekkert óvænt kom upp á í nótt mun Macron því taka við af François Hollande sem gegnt hefur embættinu frá árinu 2012. Hollande ákvað sjálfur að bjóða sig ekki fram til annars kjörtímabils en vinsældir hans voru afar litlar. Varð hann óvinsælasti forseti Frakklandssögunnar í september síðastliðnum þegar hann mældist með fimmtán prósentu stuðning. Mánuði seinna greindi France24 frá því að forsetinn mældist með fjögurra prósentu stuðning.

Þann fjórtánda maí næstkomandi mun Hollande víkja úr embætti og Macron líklegast taka við. Búist er við því að Macron útnefni fljótlega forsætisráðherra sinn áður en kosið verður til þings í júlí. Eins og stendur á flokkur Macron ekkert sæti á þingi.

Macron þótti fyrirfram mun sigurstranglegr en Le Pen eftir að hafa fengið flest atkvæði í fyrri umferð kosninganna. Spáðu kannanir honum svipuðum sigri og virtist stefna í þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Sigur Macrons samkvæmt spám

65,5%

Emmanuel Macron

34,5%

Marine Le Pen

Nýr kafli í sögu þjóðar okkar var skrifaður í kvöld. Ég vona að hann einkennist af von.

Emmanuel Macron, verðandi forseti Frakklands



ekki haft áhrif. Óprúttir tölvuþrjotar stálu níu gígabætum gagna úr herbúðum Macrons og láku á netið stuttu fyrir kosningar. Fjölmiðlar í Frakklandi máttu hins vegar ekki greina frá því vegna reglna um að ekki megi fjalla um kosningabaráttuna þegar svo stutt er í kosningar. Framboð Macrons sagði þó að innan um skjölin reyndust einnig fölsuð skjöl.

Macron, sem verður yngsti forseti í sögu Frakklands, þykir öllu frjálslyndari en Le Pen. Er hann til að mynda hlynntur áframhaldandi veru Frakklands í Evrópusambandinu, skattalækkunum á fyrirtæki og nýjum fríverslunarsamningum.

Innflytjendamála voru eitt heitasta mál kosningabaráttunnar. Macron vill meðal annars koma upp 5.000 manna landamæragæslu, krefja innflytjendur um að kunna frönsku vilji þeir verða ríkisborgarar og fræða alla trúarleiðtoga um frönsk gildi. Le Pen vildi hins vegar loka á allan innflutning fólks, reka erlenda glæpamenn og fólk með tengsl við hryðjuverkasamtök úr landi og loka moskum öfgamanna.

thorgnyr@frettabladid.is

PEUGEOT 2008

GÆÐIN HEILLA ÞIG STRAX



KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT

VERÐ FRÁ:

2.390.000 kr.

Eyðsla frá 3,5 l/100 | CO₂ losun frá 90 g/km

FRELSI TIL AÐ FARA

Gæði Peugeot 2008 heilla þig strax. Draumabíllinn þinn sem vilt sparneytinn, snaggarelegan bíl með mikla veghæð og háa sætisstöðu. Bíllinn sem veitir þér frelsi til að fara þangað sem þú vilt. Peugeot 2008 er glæsilegur bíll með mjúkum línum sem hentar við fjölbreyttar aðstæður. Peugeot 2008 er framdrifinn, duglegur í snjónum og með stórt farangursrými, 16,5 cm veghæð og innstigið er þægilegt því þú situr hærra. Puretech vélarnar eru þekktar fyrir sparneytni og fánlegar bæði beinskiptar og sjálfskiptar.

PEUGEOT 2008

MOTION & EMOTION



PEUGEOT



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Njír og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Skammsýni



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Ef vilji Íslendinga stendur til þess að skapa gott samfélag í sátt við náttúruna þá er frumforseta að byggja hér upp öflugt og framsækið menntakerfi. Menntakerfi þar sem allir geta sótt sér menntun við hæfi án þess að stofna til botnlausra skulda sem eiga eftir að fylgja þeim fram eftir öllum aldri. Menntakerfi þar sem þarfir, möguleikar og hagsmunir nemenda eru hafðir í öndvegi. Menntakerfi sem skilar af sér vel menntuðum kynslóðum til hagsbóta fyrir allt samfélagið.

Þetta virðast nágrannalönd okkar hafa skilið mun betur en við um langa tíð en þó líkast til engin þjóð jafn vel og Finnar sem reka besta menntakerfi í heimi í dag. Ekki að furða, því þar er menntun, velferð og hamingja nemenda í fyrsta sæti og störf kennara metin að verðleikum. Þessi sannindi virðast þó standa ríkisstjórnarflokkunum svo fjarri að ætla mætti að Finnland tilheyrði öðru sólkerfi fremur en að vera á meðal okkar göðu grannríkja.

Fjölbrautaskólinn við Ármúla er um margt merkilægur skóli. Þar er í boði fjölbreytt nám og þar hefur fjöldi ungmenna fundið sína fjöl og sína styrkleika í annars kannski svolitíð einsleitu menntakerfi. Skólinn er auðvitað ekki gallalaus fremur en aðrir skólar, enda þar á bæ eflaust vilji til þess að breyta og bæta. Að minnsta kosti hefur aldrei neitt komið fram um annað. Það er því þeim mun undarlegra að í menntamálaráðuneytinu skuli hafa verið unnið að fyrirhugaðri sameiningu skólans við Tækniskólann, án þess að leitast við að skoða stöðu skólans og framtíðarhorfur, án samræðu við þá sem hafa að öllum líkindum mestu þekkinguna til verksins, þ.e.a.s. kennarana. Að ógleymdum þingheimi sem væri einnig eðlilegur og sjálfsagður vettvangur slíkra umræðna fyrir opnum tjöldum.

Tækniskólinn er einkarekinn í rekstrarfélagi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samorku og Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík. Eflaust er það ágætis skóli en það er aukaatriði í þessu samhengi. Aðalatriðið er hvar nemendunum og framtíð þeirra er best borgið. Kristján Þór Júlíusson menntamálaráðherra virðist ekki hafa mikinn áhuga á að svara þeirri spurningu heldur aðeins því sem snýr að rekstrarforminu. Í því samhengi má benda á að Guðríður Arnardóttir, formaður Félags framhaldsskólakennara, hefur bent á að hvorki Kennarasamband Íslands né kennarasambönd um allan heim leggist gegn einkavæðingu og einkarekstri í menntun.

Engin tilhlýðileg skýring hefur verið gefin á þessum áformum önnur en fjárhagsleg hagræðing og sparnaður. Slíkt var tilfellið þegar Iðnskólinn í Hafnarfirði var sameinaður Tækniskólanum því þá var starfsmönnum fækkað í báðum skólum. Menntamálaráðherra horfir eflaust fremur til þess en Finnlands, sem er nágrennaríki en ekki í öðru sólkerfi, en þar eru fyrirhugaðar áframhaldandi endurbætur á besta menntakerfi í heimi sem gætu jafnvel falið í sér fjölgun kennara. Markmiðið á þeim bænum er að halda áfram að betrumbæta menntakerfið en ekki að gera það ódyrara, því slíkt getur reynst samfélaginu dýrt þegar fram líða stundir. Slíkur sparnaður er einvörðungu til marks um skammsýni og sérhagsmunahyggju en er engum til góðs.



Ekki að furða, því þar er menntun, velferð og hamingja nemenda í fyrsta sæti og störf kennara metin að verðleikum.

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM



Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is

Halldór



Frá degi til dags

Ekki lengur 2016

Emmanuel Macron var í gær kjörinn forseti Frakklands með nokkrum yfirburðum. Vann hann þar með sigur á Marine Le Pen. Macron stóð fyrir frjálshyðara og opnara samfélag en Le Pen fyrir íhald og þjóðernishyggju. Er þetta í annað skipti á árinu sem þjóðernishyggjan tapar en það gerðist einnig í hollensku þingkosningunum.

Þetta er skýr breyting frá stærstu kosningum ársins 2016. Þá hafði þjóðernishyggjan betur bæði í forsetakosningum í Bandaríkjunum og í þjóðaratkvæðagreiðslu Breta um úrgöngu úr Evrópusambandinu.

Áhrif Íslendinga

Samtökin 78 hafa undanfarið mótmælt við rússneska sendiráðið. Til efnið er, eins og fram hefur komið, pyntingar og ofbeldi tsjetsjenskra stjórnvalda í garð sam- og tvíkynhneigðra karlmanna. Hafa Samtökin sagt mikilvægt að íslensk stjórnvöld láti duglega í sér heyra og mótmæli af krafti.

Íslendingar hafa að sjálfsögðu takmörkuð áhrif í heiminum enda ekki nema rúm þrjú hundruð þúsund. Hins vegar geta stjórnvöld opnað á þessa umræðu á alþjóðavettvangi og þannig haft áhrif á framgang mála.

Íslenskt samfélag hlýtur að standa gegn pyntingum og skipulögðu ofbeldi í garð minnihlutahópa, sama hvar í heiminum slíkt gerist. thorgnyr@frettabladid.is

Sátt um nýtingu sjávarauðlindarinnar



Borgerður Katrín Gunnarsdóttir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

Sjávarútvegur hefur í aldanna rás verið undirstaða verðmætasköpunar á Íslandi. Á umliðnum áratugum hefur greinin gengið í gegnum breytingaskeið. Árið 1984 var kvótakerfið innleitt og frjálst framsal aflaheimilda fæinnum árum síðar. Árangurinn er tvíþættur. Fyrst ber að nefna ábyrga nýtingu auðlindarinnar með sjálfbærum veiðum. En kerfið hefur jafnframt stuðlað að mikilli hagræðingu í greininni og ýtt undir verðmætt nýsköpunarstarf.

Hins vegar hefur þriðja stöðin, sem snýr að samfélagslegum þáttum og sanngirni, ekki reynst eins styrk. Of lengi hefur ríkt djúpstað óeining í samfélaginu um þessa mikilvægu atvinnugrein. Ágreiningurinn hefur einkum snúið að skiptingu arðs af nýtingu sameiginlegrar auðlindar þjóðarinnar. Það er löngu tímabært að jafna þennan ágreining og búa atvinnugreininni stöðug starfsskilyrði.

Í gegnum tíðina hafa nær allir stjórnvaldaflokkar lagt sitt af mörkum við þróun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Það er jafn mikilvægt í dag að allir flokkar komi að því að móta víðtæka sátt um sjávarútveginn. Ég hef því skipað þverpólitíska nefnd, með fulltrúum allra flokka, til þess að vinna tillögur að framtíðarfyrirkomulagi gjaldtöku og úthlutunar aflaheimilda. Nefndin mun skila tillögum sínum í lok þessa árs og í kjölfarið fær Alþingi það hlutverk að vinna úr þeim með lagasetningu. Óumdeilt er að þjóðin skuli njóta sanngjarns arðs af auðlindinni. Og þeim sem veittur er sérstakur réttur til þess að nýta takmarkaða auðlind ber þ.a.l. að greiða afgjald til samfélagsins. Sjálf hef ég talað fyrir ákveðnum leiðum í þessu efni, sem m.a. fela í sér uppboð aflaheimilda. En ólíkir flokkar munu leggja fram ólík sjónarmið. Mikilvægt er að við göngum öll til þessarar vinnu af heilindum og einsetjum okkur að mynda víðtæka og varanlega sátt. Visasta leiðin til þess að láta sáttaferlið fara út um þúfur er að spila pólitíska refsaká. Því sanngjörn niðurstaða fæst ekki með klækjabrögðum né verður hún mæld eftir því hver hefur hæst. Ég bind vonir við að sú vinna, sem nú fer í hönd, verði málefnaleg og skili hagfelldri niðurstöðu fyrir þjóðina sem og sjávarútveginn. Það er á ábyrgð stjórnvaldamanna dagsins í dag að búa í haginn fyrir sátt til framtíðar. Það kann að reynast torsótt en ég hef trú á getu okkar og viljafestu.



Óumdeilt er að þjóðin skuli njóta sanngjarns arðs af auðlindinni.

Gildi og algildi

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson

Stefán Karlsson skrifaði hér grein í síðustu viku um „hatursorðræðu“ og „pólitískan rétttrúnað“ og segir í lok greinarinnar: „Mannréttindi eru algild og skilyrðislaus. Þau lúta ekki menningu og arfleifð. Þau eru grundvallaréttindi sem standa óháð þeirri menningu sem viðkomandi er hluti af. Þegar þau eru annars vegar á ætíð að setja einstaklinginn og sjálfræði hans yfir heildina. Einstaklingurinn hefur rétt og kröfu til að gagnrýna allt með því að leggja það í dóm skynseminnar og vísindalegrar nálgunar. Þar eru hefðir engin undantekning.“

Eru það mannréttindi að hata fólk?

Undir þessi grundvallarsjónarmið má taka – en árétta í framhaldinu að við eigum að gera greinarmun á einstaklingum og hugmyndafræði; við skulum draga allar hugmyndir í efa, ræða þær, skoda þær í krók og kring, gera gys að þeim ef við þurfum þess. Hugmyndir eru fagar og ljótar, stórar og lítillfjörlegar, þær kunna að vera heilagar í augum einstaklinga og hópa sem myndast kringum þær, en í hinu stóra allsherjarsamhengi samfélagsins eru þær bara safn af litbrigðum marbreytilegs hugarfars á tímum fjölmenningar og sambýlis margvíslega þenkjandi einstaklinga með ólíkan bakgrunn sem ættu frekar að kinka kolli hver framán í annan en steyta hnefann.

Bækur geyma ekki síðasta orðið um neitt. Ekki Kóran, Kommúnistaávarpið, Frelsið, Biblían, ekki einu sinni Landnáma. Í öllum þessum ritum kunna að vera voldugar hugmyndir sem hjálpa okkur í þeim margvíslega vanda

að vera manneskja – en þar er ekki óskekull bókstafur sem okkur beri að lúta.

En mannréttindi eru algild eins og Stefán segir. Um leið og við höfum rétt – og nánast skyldu – til að draga hugmyndir í efa og finna á þeim brotalamir þá nær sá réttur ekki þar með til þess að við höfum leyfi til að veitast að öðru fólki vegna útlits þess, einkenna, venja eða trúarskoðana, og er í fullu gildi það sem okkur var kennt sem börnum: ekki benda á fólk, ekki stríða, ekki hlæja að öðrum ... Höpfordæmingar eru stórhættuleg iðja, eins og ótal dæmi sanna. Þetta má svo sem kalla „rétttrúnað“. Hatur á fólki vegna stéttarstöðu, litarháttar, ætternis eða slíkra áskapaðra eiginleika er með öllu ólíðandi.

Öll siðakerfi hafa reglur um þetta, og fólk sem telur sig kristið hlýtur að hafa sérstaklega í huga sögurnar um bersyndugu konuna og um fariseann og tollheimtumanninn, þar sem Kristur gerir gys að þeim sem hreykir sér við guð af meintum siðferðislegum yfirburðum: „Guð, ég þakka þér að ég er ekki eins og þessi tollheimtumaður,“ er ein af þessum íronísku setningum Krists þar sem hann tekur sér afdráttarlaust stöðu með þeim sem standa höllum fæti í samfélaginu – mæta fordómum; já, verða fyrir „hatursorðræðu“.

Stefán skrifar svoltið eins og það séu mikilsverð réttindi að fá að stunda „hatursorðræðu“ og að það sé „þöggun“ þegar amast er við henni. Samt erum við í rauninni bara að tala um þess háttar „sjálfsritsköðun“ sem við beitum okkur í dagsins önn þegar við látum ógert að segja hluti sem koma upp í hugann áður en við hugsum; neikvæðar hugsanir, niðurdrepandi, niðurrifandi, ljótar hugsanir og leiðinlegar sem virka á aðra eins og þegar einhver leysir fúlan vind í lyftu. Þetta snýst um mannsiði. Þetta snýst um okkur og okkar samfélag. Sjálfsvirðingu sína finnur maður ekki í niðurlægingu annarra.

Talsmenn feðraveldis og kúgunar?

Stefáni verður tíðrætt um forræðishyggju, þöggun og pólitískan rétttrúnað og einhverja valdhafa orðræðunnar sem lofsyngi kúgun og feðraveldi annarra menningarheima um leið og skotleyfi sé á vestræna menningararfleifð.

Ég fylgist kannski illa með – en

var einhver að bera blak af feðraveldi og kúgun? Sambýli fólks með ólík sjónarmið í farteskinu er ekki einfalt eða auðvelt og til lítills að innleiða boð og bönn. Það er ekki í anda okkar opna samfélags.

Vestræn hugmyndahefð er raunar ekki algild fremur en önnur hugmyndakerfi – og vonandi ótakmörk-

uð skotleyfi þar. Almennt talað held ég hins vegar að flest fólk sé jafn lítið hrifnið af hatursorðræðu og vindgangi í lyftu, ekki bara einhverjir imyndaðir orðræðuvaldhafar. Þetta snýst um háttvísi, friðsamlega sambúð, tillitssemi og umburðarlyndi: allt eru þetta dyggðir. Gott ef ekki kristilegar.



ÁRSFUNDUR 2017

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs verður haldinn þriðjudaginn 9. maí nk., kl. 17.00 í Silfurbergi í Hörpu, Reykjavík

DAGSKRÁ

1. Almenn ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál, löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar rétt til setu á fundinum.

Upplýsingar um fundinn og afkomu sjóðsins á árinu 2016 má nálgast á heimasíðu sjóðsins, birta.is. Þar verður einnig hægt að fylgjast með beinni útsendingu frá ársfundinum.

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs



Sundagöðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta.is



TIL AFGREIÐSLU STRAX!

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstaði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



ALVÖRU ATVINNUBÍLL

Dacia Dokker

VERÐ: **2.340.000 Kr.**

VERÐ ÁN VSK: **1.887.096 Kr.**

Dacia Dokker er einn hagkvæmasti kosturinn sem í boði er fyrir þá sem leita að litlum sendibíl. Dacia Dokker er með 1,5l, 90 hestafla díslivél sem notar einungis 4,5l í blönduðum akstri*. Dacia bílarnir hafa komið einskalega vel út hvað varðar áreiðanleika í rekstri.

*Viðmiðentölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

SÓLAR TILBOÐ

RAUÐIR DAGAR Á
VÖLDUM BROTTFÖRUM Í SUMAR

KOMDU OG
KÍKTU Á NÝJA
BÆKLINGINN

GRAN CANARIA

JÚNÍ 2017

21

FRÁ 65.700 KR.*

JÚLÍ 2017

12

FRÁ 61.700 KR.*

ÁGÚST 2017

23

FRÁ 57.900 KR.*

ALMERIA

JÚNÍ 2017

2

FRÁ 62.700 KR.*

JÚNÍ 2017

30

FRÁ 74.900 KR.*

ÁGÚST 2017

25

FRÁ 78.700 KR.*

MALLORCA

JÚNÍ 2017

29

FRÁ 74.700 KR.*

ÁGÚST 2017

21

FRÁ 81.700 KR.*

SEPT 2017

11

FRÁ 71.900 KR.*

COSTA BLANCA

JÚNÍ 2017

21

FRÁ 77.900 KR.*

JÚNÍ 2017

30

FRÁ 65.700 KR.*

ÁGÚST 2017

22


FRÁ 67.900 KR.*

* Verð eru m.v. tvo fullorðna og tvö börn. Innifalið í verði er flug, gisting, íslensk fararstjórn, flugvallaskattar, ferðataska og handfarangur.

FLEIRI VERÐDÆMI OG
FJÖLSKYLDUSTÆRÐIR Á UU.IS

HVERT ÆTLAR ÞÚ Í SUMAR? SPENNANDI SÓLARÁFANGASTAÐIR OG

VINSÆLT FJÖLSKYLDUHÓTEL



TENERIFE

17.-24. MAÍ **FLAMINGO BEACH MATE** ***

VERÐ FRÁ **87.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 97.900 kr.

ALLT INNIFALIÐ



ALMERIA

16.-23. JÚNÍ **ROC TRINIDAD** ****

VERÐ FRÁ **89.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með ALLT INNIFALIÐ.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 117.700 kr.

ALLT INNIFALIÐ



KANARÍ

21.-28. JÚNÍ **IFA BUENAVENTURA** ***

VERÐ FRÁ **89.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með ALLT INNIFALIÐ.
Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 103.900 kr.



ÚRVAL GISTINGA — BÓKAÐU SÓL Á UU.IS

VINSÆLT



KANARÍ

16.–23. ÁGÚST **BARBACAN SOL ******

VERÐ FRÁ **93.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með morgunverði.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 111.700 kr.

FJÖLSKYLDUHÓTEL



MALLORCA

10.–20. JÚLÍ **VISTA CLUB *****

VERÐ FRÁ **89.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 130.800 kr.

HÁLFT FÆÐI



ALBÍR

13.–20. JÚNÍ **ALBIR PLAYA ******

VERÐ FRÁ **83.900 KR.**

Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn með hálfu fæði.

Verð á mann m.v. 2 fullorðna frá 97.500 kr.



Ólafur Andrés Guðmundsson fann fjölinu sína í gær og hann lætur hér vaða fram hjá makedónsku stórskyttunni Kiril Lazarov, sem var einnig atkvæðamikill. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Naumur sigur og EM-draumurinn lifir

Draumur Íslendinga um sæti á EM í Króatíu á næsta ári er enn á lífi eftir eins marks sigur á Makedóníumönnum, 30-29, í Laugardalshöllinni í gærkvöldi. Breyting á varnarleik um miðjan fyrri hálfleik gerði gæfumuninn. Þá var sóknarleikurinn sá besti undir stjórn Geirs Sveinssonar. Liðið þjappaði sér saman með bakið upp við vegginn og vann algjörlega lífsnauðsynlegan sigur í Laugardalshöll.

HANDBOLTI „Ég held að sigurinn hafi verið sanngjarn þótt okkur líði eins og við hefðum getað unnið stærra. Við vorum sjálfum okkur verstir í nýtingu á færnum og fullbráðir á okkur á köflum. En mér fannst við leysa marga hluti sem við vorum í vandræðum með, eins og varnarleikinn fyrstu 20 mínúturnar,“ sagði landsliðsþjálfarinn Geir Sveinsson glaður í bragði eftir sigurinn mikilvæga á Makedóníu í gær.

Í fyrri hálfleik spilaði íslenska liðið besta sóknarleik sem það hefur gert undir stjórn Geirs Sveinssonar. Til marks um það var skotnýting Íslendinga tæplega 70%, þeir töpuðu boltanum aðeins þrisvar og höndin kom einungis tvisvar upp. Það var mikil framför frá leiknum í Skopje þar sem Ísland þurfti að hafa gríðarlega mikið fyrir öllum mörkum sínum. Sóknarleikurinn var áfram góður í seinni hálfleik; það vantaði bara að nýta betur þau dauðafæri sem liðið skapaði sér.

Aron Pálmarsson stýrði liðinu af festu og þá sýndi Ólafur Guðmundsson sitt rétta andlit í sókninni. Hafnfirðingurinn var beittur strax frá fyrstu mínútu, skoraði fimm mörk í fyrri hálfleik og endaði með sjö mörk. Þetta var líklega besti landsleikur Ólafs sem þarf að nýta meðbyrinn í næstu leikjum. Svona leikir hjá Ólafi eiga að vera regla en ekki undantekning.

Alltaf á núllpunkti

„Það má ekki gleyma því að við höfum alltaf þurft að byrja á núll-

Ísland - Makedónía 30-29

Ísland: Ólafur Guðmundsson 7, Rúnar Kárason 6, Aron Pálmarsson 3, Arnór Þór Gunnarsson 3, Guðjón Valur Sigurðsson 3, Arnar Freyr Arnarsson 3, Björgvin Páll Gústavsson 2, Ásgeir Örn Hallgrímsson 2, Bjarki Már Elisson 1.

Makedónía: Kiril Lazarov 8, Dejan Manaskov 6, Filip Mirkulovski 6, Stojanche Stoilov 5, Filip Lazarov 3, Goce Georgievski 1.

punkti,“ sagði Geir um sóknarleikinn. „Fyrir HM í Frakklandi vorum við að spila með Aron, svo þurftum við stilla upp án hans og núna að setja hann aftur inn í hlutina. En hann var frábær og stjórnaði þessu mjög vel.“

Vandamálin voru hinum megin á vellinum framan af fyrri hálfleik. Líkt og úti í Skopje var varnarleikurinn slakur og Björgvin Páll Gústavsson átti edlilega erfitt uppdráttar.

Makedóníumenn byrjuðu leikinn betur og náðu mest þriggja marka forystu, 7-10. Á 19. mínútu, í stöðunni 9-10, breytti Geir í 5-1 vörn með Ólaf sem fremsta mann. Þessi nýja vörn þvingaði Makedóníumenn strax í tapaðan bolta og Íslendingar refsuðu með marki úr hraðaupphlaupi. Varnarleikurinn var góður eftir breytinguna og hann gerði Kiril Lazarov, aðalstjórnu makedónska liðsins, erfðara um vik.

Bjarki Már Gunnarsson reyndist Lazarov mjög erfíður í seinni hálfleik þar sem hann braut ítrekað á Barcelona-manninum. Ásgeir Örn Hallgrímsson átti einnig afar



Rúnar Kárason lét til sín taka.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

